



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. janúar 2021
Tilvísun: 2021010180/22.3

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um drög að reglugerð um umtakmarkanir og bann veghaldara við umferð vélknúinna ökutækja um stundarsakir vegna loftmengunar

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar mál nr. 2/2021 í samráðsgátt, drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja. HER hefur farið yfir þau gögn sem málinu fylgja og gerir eftirfarandi umsögn.

HER hefur lengi kallað eftir frekari heimildum til að takmarka umferð til að draga úr loftmengun og telur jákvætt að nú liggi fyrir reglur sem gefa færi á áhrifaríkari aðgerðum. Að mati HER þarf þó að skerpa á nokkrum atriðum og gerir eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinar.

Í 2. mgr. gr. 2 í reglugerðardrögunum er tilgreint að til grundvallar banni á umferð skuli liggja mat viðkomandi heilbrigðisnefndar og rökstuðningur studdur mæliniðurstöðum eða mengunarspám UST eða heilbrigðiseftirlits viðkomandi sveitarfélags. HER bendir á að mengunarspálikan UST er ekki enn komið í notkun og engin heilbrigðiseftirlit á landinu hafa slík líkön til að framkvæma mengunarspár. Til að spá fyrir um loftgæði næstu daga er stuðst við mæliniðurstöður og veðurspár til að meta líkur á að mengun fari fyrir heilsuverndarmörk. Því telur HER að bæta eigi inn í mgr. 2 orðinu veðurspám og yrði hún þá svohljóðandi:

"Til grundvallar slíku banni skal liggja fyrir mat viðkomandi heilbrigðisnefndar og rökstuðningur fyrir takmörkun umferðar vegna mengunar, studdur mæliniðurstöðum, *veðurspám* eða mengunarspám Umhverfisstofnunar eða heilbrigðiseftirlits viðkomandi sveitarfélags".

Í gr. 3 í reglugerðardrögunum er tekið fram að takmörkun eða banni skv. 2. gr. má því aðeins beita að niðurstöður mælinga eða mengunarspár sýni með óyggjandi hætti fram á að mengun sé eða muni verða hættuleg heilsu manna á þeim tíma sem gert er ráð fyrir að takmörkun eða bann standi yfir. HER telur orðið óyggjandi vera of afdráttarlaust hér, spár eru alltaf byggðar á líkum og mati. Betra væri að nota orðalag eins og niðurstöður mælinga eða mengunarspár *bendi til* eða *sýni að miklar líkur* séu á að mengun sé eða muni verða hættuleg heilsu manna og leggur til að greininni verði breytt skv. því.



Í gr. 4 í reglugerðardrögunum eru talin upp þau tímabundnu úrræði sem heimilt er að beita. Í lið e) er tilgreint bann við umferð ökutækja á negldum hjólbörðum. HER bendir á að sem skammtímaaðgerð gerir bann við umferð ökutækja á negldum hjólbörðum lítið til að draga úr mengun enda felast neikvæð áhrif þeirra í auknu sliti þeirra á götum og þannig myndun þeirra á meira svifryki. Algert bann innan marka ákveðinna sveitarfélaga allan vetur eða hluta hans væri vissulega mögulegt en varla raunhæft í ljósi umferðar milli landshluta. Erfitt væri einnig að framfylgja tímabundnu banni með eftirliti. HER leggur frekar til að heimilt verði að leggja gjald á nagladekk innan hvers sveitarfélags og unnt væri að útfæra heimildir fyrir bíla sem koma utan þess svæðis. Horfa mætti til reynslu Norðmanna sem hafa náð góðum árangri í að draga úr svifryksmengun með álagningu slíkra gjalda. Einnig leggur HER til að bætt verði við mæligildi eða spágildi í 2. mgr. 4.gr. Þar kæmi inn liður d) sem væri svohljóðandi: 75 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ að því er varðar sólarhringsmeðaltal niturdíoxíðs (NO_2). Á undanförunum árum hefur orðið algengara að niturdíoxíð fari yfir sólarhringsheilsuverndarmörk og þar sem mestar líkur eru á því við ákveðnar veðuráðstæður er auðveldara að spá fyrir um slíkt heldur en hvenær farið er yfir klukkustundarheilsuverndarmörk. Niturdíoxíðmengun hefur neikvæð heilsufarsáhrif og því nauðsynlegt að geta líka gripið til aðgerða ef farið er yfir sólarhringsheilsuverndarmörk eða líkur séu á að það gerist. Loks vill HER benda á eftirfarandi villur í gr. 4. Í lið b) í 2. mgr. á að standa $\text{PM}_{2.5}$, ekki $\text{PM}_{12.5}$. Í lið c) skal standa niturdíoxíð, ekki niturdoxíð.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi